



Skagafjörður
Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir
Skagfirðingabraut
550 SAUÐÁRKRÓKI

Garðabær, 29.1.2025
Málsnúmer: 202412-0027
MH

Efni: Deplar í Fljótum, verslun og þjónusta og lendingarstaður – breyting á aðalskipulagi

Vísað er til erindis Skagafjarðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 11. desember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020–2035 fyrir Depla í Fljótum.

Breytingin felst í því að stækka verslunarsvæðið úr 3 hekturum í 3,8 hektara og heimilt byggingarmagn hækkar úr 3.000 fermetrum í 3.500 fermetra. Einnig verður lendingarstaður (FV-1) afmarkaður á áreyrum Stífluár. Yfirborð lendingarstaðarins verður mól eða gras. Engar byggingar eru fyrirhugaðar innan lendingarstaðarins.

Samkvæmt umhverfismati sem gert var vegna aðalskipulagsbreytingarinnar er gert ráð fyrir að tillagan valdi raski á vistkerfum sem hafa hátt verndargildi. Hér er væntanlega átt við vistgerðir með hátt verndargildi. Náttúrufræðistofnun telur rétt að í forsendukafla greinargerðarinnar sé fjallað um vistgerðir sem finnast á framkvæmdarsvæðinu. Að auki ætti að setja skilyrði fyrir frágangi, mótægisaðgerðum og endurheimt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur